

Með því að yfirdómurinn einnig felst á ákvæði aukaréttardómsins um ómerking ummæla í varnarskjölum áfryjanda og sekt fyrir þau, svo og um málskostnað, ber að staðfesta dóm þennan í öllum atriðum.

Eftir þessum úrslitum málsins ber áfryjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Áfryjandinn, Magnús bæjarfógeti Torfason, hefir í skjölum, er hann lagði eða hefir látið leggja fram í málinu, farið meiðandi og óvirðandi orðum um yfirdóminn, og verður því að sæta sekt fyrir ósæmilegan rithátt; ákveðst hún 40 kr., er renni að helmingi í landsjóð og að helmingi í fátækra sjóð Ísafjarðarkaupstaðar.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfryjandi, Magnús Torfason bæjarfógeti, greiði stefnda Þorvaldi Jónssyni bankastjóra 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. Áfryjandi greiði og sekt í landsjóð 20 kr. og í fátækra sjóð Ísafjarðarkaupstaðar 20 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

20. jan. nr. 38/1912.

Þórður J. Thoroddsen
gegn
hreppsnefnd Gerðahrepps.

D ó m u r:

Mál þetta hefir hreppsnefnd Gerðahrepps höfðað fyrir

bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjandanum, Þórði J. Thoroddsen lækni, út af skuld, er hún taldi til hjá honum, fyrir hönd hins forna Rosmhvalaneshrepps, að upphæð kr. 256,04. Áfrýjandi hélt því aftur á móti fram, að hann skuldaði hreppnum ekkert, en ætti hjá honum kr. 61,10 og höfðaði gagnsök, til þess að fá sér tildæmda þá upphæð. Málinu lauk með dómi nefnds réttar, 29. júní 1911, þannig, að áfrýjandinn var dæmdur til að greiða stefnda kr. 226,04 með 5% ársvöxtum til borgunardags, en að öðru leyti skyldu málsaðilar syknir hvor af annars kröfum í málinu, og málskostnaður falla niður.

Nefndum dómi hefir áfrýjandinn, Þórður J. Thoroddsen, skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. septbr. 1912, og samkvæmt uppreistarleyfi, dags. 1. okt. s. á., og hefir hann krafist þess, að verða algjörlega syknaður í aðalsökinni, en að sér verði í gagnsökinni dæmdar 61 kr. 10 aurar, auk vaxta 5% á ári frá 1. febr. 1911 og málskostnaðar. Hin stefnda hreppsnefnd hefir fengið gjafvörn fyrir yfirdómi og skipaðan málaflutningsmann, og hefir þess verið krafist af hennar hálfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur í öllum greinum og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað að skaðlausu eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun til hins skipaða málfutningsmanns.

Skuld sú, er Gerðahreppur krefur áfrýjanda um í máli þessu, stafar frá viðskiftum áfrýjanda við Rosmhvalaneshrepp hinn forna árið 1913, og var lagður fram reikningur yfir þessi viðskifti fyrir bæjarþingsréttinum af hálfu Gerðahrepps, sem átti innköllunarrétt á skuld áfrýjanda til hreppsins, en hún var talin sem fyr segir kr. 256,04, en var færð niður í 226 kr. 14 aur. með bæjarþingsdóm-

inum. Afryjandi heldur því fram, að sér séu oftaldar til skuldar í greindri upphæð 212 kr. 14 aurar, sem tilfærðar eru þannig í reikningi stefndu við 1. okt. 1913: Penningar hjá Duus kr. 212.14, og einnig séu sér vantaldar tekjumegin 75 kr., er sér beri sem endurgreiðsla á ofgoldnu aukaútsvari. Um fyrra atriðið, kr. 212.14, er það að segja, að áfryjandi hefir að vísu viðurkennt að hafa fengið þessa upphæð greidda af Duusverzlun nefndan dag (1. okt. 1903), en hann hefir neitað því eindregið, að sú útborgun hafi snert nokkuð viðskifti sín við Rosmhvalaneshrepp eða hann (áfryjandi) átt að skuldast fyrir henni til hreppsins, og hafi peningarnir verið greiddir sér af verzluninni í alt öðru skyni, nefnilega upp í ávísun til Duusverzlunar frá ýmsum fyrir læknishjálp og annað, og hefir áfryjandi nákvæmar skýrt frá því í málinu, fyrir hvað honum hafi verið ávísað þessu fé. Stefndi hefir til stuðnings sínu máli skýrskotað til staðfests útdráttar úr höfuðbók Duusverzlunar, þar sem upphæðin er bókfærð, sem greidd áfryjanda úr reikningi Rosmhvalaneshrepps, en að öðru leyti er ekki frá stefnda hálfu sannað neitt né upplýst um greiðsluna, og sérstaklega hefir stefndi eigi orðið við áskorun áfryjanda um að skýra frá, fyrir hvað hann hafi verið skuldaður um upphæðina til hreppsins, eða sýna viðurkenningu hans fyrir því, að hann hafi meðtekið upphæðina frá hreppnum. Stefndi virðist eftir þessu eigi hafa gegn mótmælum áfryjanda sannað, að hann skuldaði hér umræddar kr. 212.14, og á því að sýkna áfryjanda af kröfum stefnda um nefndar kr. 212.14. Þá hefir áfryjandi talið sig hafa átt heimting á að fá endurgreiddar 75 kr. af Rosmhvalaneshreppi, sakir þess, að lagt var á hann í hreppi þessum fardagaárið 1903—4 280 kr.

útsvar, sem honum er talið til skuldar í reikningnum með fullri upphæð, en áfrýjandi flutti alfarinn til Reykjavíkur haustið 1903, og varð þar um veturinn eða vorið eftir að greiða 75 kr. útsvar; telur hann sig þannig hafa tvíborgað útsvar fyrir sama tímabilið og krefst því endurborgunar af hreppnum á 75 kr. þeim, er hann hafi galdið í Reykjavík eftir að hann var fluttur þangað. Þessi krafa áfrýjanda verður þó ekki tekin til greina, með því að sveitarstjórnarlögin heimila ekki áfrýjanda neinn rétt til endurgreiðslu á löglega álögðu aukaútsvari þótt hann flytjist á árinu í annan hrepp og greiði þar aukaútsvar, en því er ekki haldið fram, að hreppsnefndin hafi lofað áfrýjanda neinni slíkri endurgreiðslu.

Samkvæmt framanrituðu verður skuld áfrýjanda eftir hinum áfrýjaða dómi að færast niður um kr. 212,14, eða niður í kr. 13,90, og vextirnir að miðast við þá upphæð. Að öðru leyti ber að staðfesta dóminn. Í málafærslulaun fyrir yfirdómi ber hinum skipaða talsmanni hreppsnefndarinnar, sem flutt hefir málið þar óaðfinnanlega, 20 kr., er greiðist honum af almannafé. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn Þórður J. Thoroddsen greiði stefndu hreppsnefnd Gerðahrepps 13 kr. 90 aura með 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 22. desbr. 1910 til borgunardags. Að öðru leyti á dómurinn að vera óraskaður. Í málfærslulaun fyrir yfirdómi greiðist

hinum skipaða talsmanni stefnda Oddi yfirréttarmála-
flutningsmanni Gíslasyni 20 krónur úr landsjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 42/1912.

Einar M. Jónasson

gegn

Birni Kristjánssyni og

Birni Sigurðssyni fyrir

hönd Landsbankans

og Jóni Magnússyni

bæjarfógeta.

D ó m u r :

Veturinn 1908 brann húsið nr. 17 við Laugaveg
hér í bænum, eign Jóhannesar Kr. Jóhannessonar tré-
smiðs — hann er í málsskjölunum ýmist nefndur Jóhann
eða Jóhannes, en hið síðara virðist réttara. Vátryggingar-
féð fyrir húseigninni, kr. 4539,42, lagði hann 5. febr.
1909 inn í Landsbankasparisjóðsbók nr. 14076, og fekk
bankastjórnin sparisjóðsbókina í sínar vörzlur til frekar
tryggingar lánnum þeim, er á húseigninni hvíldu til bank-
ans. Eftir brunann reisti Jóhannes nýtt hús á eigninni
og fekk til þess lán hjá h/f »Völundi« gegn veði í hús-
eigninni, en áður en húsið var fullgjört, lét hlutafélagið
11. febr. 1909, að undangenginni réttarsætt milli hans og
Jóhannesar 8. s. m., gjöra fjárnám í eigninni og bruna-